

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Ársskýrsla VMA 2013

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Mars 2014

Inngangur

Í þessari skýrslu verður fjallað um þau verkefni sem um getur í skólasamningi Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) fyrir árið 2013. Greint verður frá því hvernig að þeim hefur verið unnið á árinu. Einnig koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar er varða skólann og það starf sem þar var unnið á árinu 2013. Skýrsla þessi er lögð fram fyrir skólasamningsfund VMA og MRN í febrúar 2014 og er birt á vef skólans.

Hlutverk og skipulag skólans

VMA starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Samkvæmt skólasamningi er hlutverk skólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, listnámsbrautum, almennri braut, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt meistaraskóla fyrir iðnsveina.

Skólinn er áfangaskóli og eru námsbrautir byggðar upp samkvæmt námsbrautarlýsingum úr eldri námsskrám. Stefnt er að því að nýjar námskrár hafi verið innleiddar á öllum brautum haustisð 2015. Iðn- og starfsnámsbrautir eru settar upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum. Ýmsir áfangar og meistaraskóli fyrir iðnmeistara eru kenndir í fjarnámi. Einnig var í boði nám fyrir matartækna og í kjötiðn í lotunámi.

Upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá <http://www.vma.is/is/namid> . Á vef skólans má einnig sjá áfangaslýsingar <http://www.vma.is/is/namid/afangar> og kennsluáætlanir eru birtar á vefnum http://www.vma.is/is/moya/page/o_09_kennsluaetlanir .

Markmið

Skólinn leggur áherslu á öflugt dagskólanám, fjarnám og að vera starfsnámsskóli landsbyggðarinnar. Einnig er hlutverk skólans samkvæmt lögum um framhaldsskóla, að stuðla að aðhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi ásamt

því að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og til frekara náms.

Markmið skólans eru samkvæmt 2. kafla í skólasamningi og koma áherslur og markmið VMA fram í hinum almenna hluta skólanámskrár og gæðahandbók sem er að finna á heimasíðu skólans. Gerð verður grein fyrir helstu gæðamarkmiðum skólans í þessari skýrslu.

- **Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu.** Markmiðið er að meðaleinkunn nemenda í öllum áföngum sé ekki lægri en 6,5 og að meðaltali sé fall í áföngum ekki meira en 10%.
 - Á vorönn 2013 var meðaleinkunn allra áfanga 6,65 og fall í áföngum 11,5%. Markmiðum um meðaleinkunn er náð en fallprósentan er yfir markmiðum skólans. Á haustönn 2013 var fall í áföngum 9,58% en meðaleinkunn 6,9. Báðum markmiðum er því náð á haustönn.
- **Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.** Mætingar nemenda verði almennt ekki undir 90% í kennslustundum og brotthvarf úr áföngum sé ekki meira en 9%.
 - Á vorönn 2013 var mæting 85,6% í allar kennslustundir og brotthvarf 10,1% í dagskóla og 29% í fjarnámi. Á haustönn var mæting 87,8% í allar kennslustundir og brotthvarf 10% í dagskóla og 29% í fjarnámi. Í gæðamarkmiðum skólans er stefnt að því að brotthvarf fari ekki yfir 9% í dagskóla og því markmiði er ekki náð. Mæting er aðeins undir markmiðum. Markmið vegna brotthvarfs og meðaleinkunnar hefur ekki verið skilgreind í fjarnámi.
- **Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.** Markmiðið er að í þjónustukönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur svari ekki færri en 75% nemenda þeirri spurningu játandi að þeir séu ánægðir með kennsluna sem þeir fá í skólanum. Þá telji 90% nemenda að þeim líði vel í skólanum, 90% að námið í VMA undirbúi þá vel fyrir frekara nám eða störf og 80% séu ánægðir með þá aðstöðu til náms sem skólinn býður þeim upp á.
 - Á haustönn 2013 svöruðu 89% nemenda að þeir væru mjög eða

frekar sammála því að þeir væru á **heildina litið ánægðir með kennsluna** í skólanum. Á vorönn 2013 var hlutfallið einnig 89%. Þessum gæðamarkmiðum var því náð á árinu.

- Á haustönn 2013 var gerð þjónustukönnun þar sem m.a. var spurt um **líðan nemenda** í skólanum. 87,3% nemenda sögðust nær alltaf eða oftast líða vel í skólanum. Gæðamarkmiðum skólans í þessum efnum var því ekki náð. Til að mæta þyngri málum sem stjórnendur og námsráðgjafar hafa fundið í viðtölum við nemendur var ráðgjöf til nemenda aukin árið 2011. Námsráðgjöf var aukin við skólann um 25% og skólasálfræðingur ráðinn til skólans frá haustönn 2012 í 60% stöðuhlutfall. Líðan nemenda virðist vera hægt og bítandi að verða betri því árið 2006 kváðust 76% nemenda liða vel í skólanum og á vorönn 2009 var hlutfallið 83% og vorönn 2011 85%. Þessar niðurstöður styðja við hugmyndir skólans um að auka þurfti persónulega þjónustu gagnvart nemendum. Í gegnum verkefnið *Nám er vinnandi vegur* var hægt að auka hlutfall í námsráðgjöf í lok ársins 2011 og skólanum tryggt fjármagn til að veita nemendum sálfræðiþjónustu. Í lok vorannar 2014 hefur skólinn ekki lengur þann fjárhagslega stuðning frá MRN til að halda áfram með sálfræðiþjónustu fyrir nemendur og er það áhyggjuefni á meðal starfsmanna skólans. Þá hafa nemendur, stjórnendur og námsráðgjafar fundið fyrir því að geðheilbrigðisþjónusta á Akureyri fyrir nemendur á aldrinum 16-18 ára sé lítil og að fleiri sérfræðinga í geðheilbrigðisþjónustu vanti á svæðið fyrir þennan aldurshóp.
- Í kennslu- og áfangamati sem gert var á haustönn segjast 84,7% nemenda vera mjög eða frekar sammála því að **aðstaða til náms í skólanum sé viðunandi**. Viðmið skólans er að 85% svari frekar eða mjög sammála. Gæðamarkmið skólans náðust því á þessu sviði á árinu.

- **Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA og að starfseminni séu skapaðar eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.** Í könnun sem lögð er fyrir starfsmenn skólans segist 85% aðspurðra vera sammála eða mjög sammála því að þeir séu ánægðir með núverandi vinnuaðstöðu sína og 95% séu sammála eða mjög sammála því að vera ánægðir í starfi þegar á heildina sé litið.
 - Starfsmannakönnun var gerð síðast á haustönn 2012, næsta könnun verður haustið 2014. Í starfsmannakönnun 2012 segjast 68% starfsmanna vera mjög og frekar ánægðir með núverandi vinnuaðstöðu sem er svipuð niðurstaða og árið 2010 þegar hlutfallið var 69% og borið saman við rúm 64% árið 2008. Í gæðamarkmiðum skólans eru viðmiðin að 85% svari frekar eða mjög sammála. Markmiði skólans er ekki náð og erfitt að bæta aðstöðuna á sparnaðartímum. Mikil þörf er á að bæta aðbúnað kennara og starfsmanna við skólann s.s. tölvubúnað og skrifborð og stóla sem eru komnir til ára sinna. Flest allir kennarar hafa eigið vinnusvæði á vinnustofum kennara sem eru bæði í A-álmu og á einstaka brautum. 95,7% starfsmanna svara spurningunni á heildina litið er ég ánægður í starfi með því að svara mjög eða frekar sammála. Starfsánægja er því mikil í VMA og gæðamarkmiðum skólans náð. Næsta stjórnendakönnun fer fram haustið 2014.
- **Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli í því skyni að skólinn haldi henni.**
 - Skólinn starfar eftir ISO 9001 gæðakerfinu og miðuðust úttektir á árinu við að allt nám í dagskóla yrði vottað og fer fram ytri úttekt í því skyni tvisvar á ári. Vinna við að laga kennslu í fjarnámi að gæðakerfi skólans hófst á haustönn 2011 og er enn ekki lokið.

Nánar má sjá upplýsingar um markmið og stefnu skólans á heimasíðu hans, sjá <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid> , gæðamarkmið skólans eru einnig aðgengileg í gæðahandbók skólans

Nemendafjöldi

Á vorönn 2013 hófu 1217 nemendur (1156 ársnemendur) nám í dagskóla en 498 (137 ársnemendur) í fjarnámi. Alls 171 nemendur með 194 brottfararskírteini voru brautskráðir; 109 stúdentar, 48 af iðn- og starfsnámsbrautum, 8 af starfsbraut og 15 úr meistaraskóla. Brottfall á vorönn 2013 í dagskóla var 10,7% en 29% í fjarnámi.

Á haustönn byrjuðu 1178 nemendur (1139 ársnemendur) í dagskóla, þar af 213 nýnemar. 474 (133 ársnemendur) hófu nám í fjarnámi. Alls voru 125 nemendur brautskráðir með 140 brottfararskírteini. 70 stúdentar voru útskrifaðir, af iðn- og starfsnámsbrautum 63 og 7 úr meistaraskóla. Brotthvarf á haustönn 2013 var 10,0 % en 29% í fjarnámi.

Skipting á brautir

Á vorönn 2013 var skipting nemenda á brautir þannig að 10% voru á almennri braut, 29% voru á tæknisviði, 21% á félagsfræða-og viðskipta- og hagfræðisviði, 4% á starfsbraut, 24% á raungreinasviði og 12% á listnámsbraut.

Á haustönn 2013 var skipting nemenda á brautir þannig að 9% voru á almennri braut, 31% á tæknisviði, 19 % á félagsfræða-og viðskipta- og hagfræðisviði, 6% á starfsbraut, 23% á raungreinasviði og 13% á listnámsbraut.

Nemendur skólans eru á ýmsum aldri. Á haustönn 2013 var yngsti nemandinn fæddur 1997 en sá elsti 1952. 58,8% nemenda í dagskóla eru karlar og 41,25% konur og í fjarnámi eru 42% karlar og 58% konur.

Flestir nemendur skólans eða 60,5% koma frá Akureyri (póstnúmer 600 og 603). Nánari upplýsingar um kynjaskiptingu á brautum og hvaðan nemendur skólans koma eru á heimasíðu, sjá <http://www.vma.is/is/skolinn/ymsar-upplýsingar/tolur-um-nemendur-vma>

Innritun 2013

1217 nemendur hófu nám á vorönn 2013, 123 komu nýir inn í skólann eða voru endurinnritaðir. 1178 nemendur hófu nám á haustönn 2013, 415 komu nýir inn í skólann eða voru endurinnritaðir, þar af 213 nýnema. 56% nýnema eru piltar og 44% stúlkur. Innritun á haustönn 2013 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá MRN. Innritunin var miðlæg, unnin af Advania í gegnum Innu eftir að skólastjórnendur höfðu númerað umsækjendur inn í skólann. Flest allir nýnema sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu merkingu inn í skólann. Nokkrum nemendum, sem sóttu um almenna braut og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Strangari kröfur voru gerðar við inntöku nemenda eldri en 18 ára miðað við síðustu ár. Horft var til fyrri mætinga og úrsagna úr áföngum til að meta umsækjendur inn í skólann. Alls var 69 eldri nemendum var synjað um skólavist á haustönn 2013.

Þróunarverkefni og samstarf

Unnið var að nokkrum samstarfs- og þróunarverkefnum í VMA á árinu. Skólinn tekur þátt í nokkrum verkefnum í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins Leonardo da Vinci. Þar á meðal er stórt þróunarverkefni, svokallað WorkMentor verkefni. VMA stýrir verkefninu sem snýst um það að undirbúa vinnustaði og leiðbeinendur á vinnustöðum til að taka á móti nemendum sem koma í starfsþjálfun og vinnustaðanáms. WorkMentor verkefnið er hluti af verkefnaröð sem snýst um að yfirfæra það sem hefur verið unnið í þróunarverkefnum Leonardo yfir á fleiri skóla, nánar tiltekið að vinna með aðferðir við vinnustaðanáms þar sem markmiðið er að nemendur skili ferilbók um það sem þeir hafa verið að gera í vinnustaðanáminu. Verkefnið er unnið í samstarfi við sjö aðra framhaldsskóla í Evrópu. VMA fékk tæplega 30. m. kr. styrk til að stýra verkefninu og til að kosta vinnuna sem snýr að því. Á vorönn 2013 var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur á vinnustöðum en það var skipulagt og þróað innan verkefnisins. Góð þátttaka var á námskeiðinu og ánægja hjá

vinnustöðum með að fá þessa starfsfóstrafræðslu. Vinnustaðir verði þannig betur undirbúnir fyrir það að taka á móti nemendum í starfsþjálfun. Síðasti fundur verkefnisins var haldinn á Akureyri í október og voru aðstandendur þess með málstofur á ráðstefnunni *Samtal og samræða allra skólastiga* sem haldin var á Akureyri 4. október. Lokaskýrsla verkefnisins er í vinnslu.

Þá fóru þrír nemendur af sjúkraliðabraut til Finnlands (Lahti) til að taka hluta af starfsnámi sínu þar. Þrír sjúkraliðanemar fóru til Danmerkur (Randers) í starfsþjálfun. VMA tók á móti níu starfsnámsnemendum frá samstarfsskólum í löndunum tveimur og tóku þeir nemendur hluta af starfsnámi sínu í gegnum VMA. Þessi nemendaskipti eru styrkt af Leonardo og NordPlus.

Í janúar 2013 komu tveir sjúkraliðakennarar frá Hollandi í nokkurra daga heimsókn til að kynna starfi sjúkraliða á Íslandi og kanna möguleika á starfsþjálfun fyrir hollenska sjúkraliðanema á Akureyri. Þær heimsóttu VMA, Hlíð, Heilsugæslu Akureyrar, FSA og Kristnes.

Í apríl 2013 komu sjö stjórnendur frá samstarfsskólanum Axell Utbildning ab í Finnlandi í nokkurra daga heimsókn til að kynna sér iðn- og verknám ásamt íslenska framhaldsskólakerfinu og starfi Verkmenntaskólans. Hópurinn fékk nokkrar brautarkynningar í VMA og svo var farið í nokkur fyrirtæki: Slippinn, Hlíð og Símey.

VMA fékk styrk (Leonardó) fyrir tvo aðila til að heimsækja skóla/stofnanir í Álaborg (DK) og Groningen (NL) á skólaárinu 2012-13. Þessir ferðir verða farnar í mars 2014. Verkefnið tengist verknámi fyrir „krefjandi“ nemendur. Ný samstarfsverkefni sem hófust á árinu eru:

- SOS-mobilities (Leonardó) sem er styrkt af Axxell Utbilning í Finnlandi. Fyrsti fundurinn var haldinn í VMA í desember 2013. VMA tók á móti samtals tíu gestum frá Finnlandi, Frakklandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Þrír kennarar frá VMA fara út á vegum verkefnisins í júní 2014 og fimm kennarar í október 2014.
- Good practices in Automotive Technology and Transport (Nordplus). Fyrsti fundurinn verður haldinn í Eistlandi í mars 2014. Þrír kennarar frá VMA fara á þennan fund. Næsti fundur verður haldinn í Finnlandi í maí 2014. Þrír kennarar frá VMA fara á þann fund.

Skólinn hélt áfram að vinna að samstarfsverkefninu [FING](#) en það snýst fyrst og fremst um menntun og þjálfun við olíu- og gasvinnslu úti á sjó og öryggis- og umhverfismál á norðurslóðum. Markmið samvinnunnar er að byggja upp sérhæfða þekkingu og færni nemenda til að mæta þörfum atvinnulífs í gas- og olíuiðnaði úti á rúmsjó. Jafnframt að stuðla að menntun og þjálfun meðal fólks sem leið til að auka atvinnutækifæri í olíu- og gasgeiranum og að þróa aðferðir til að kenna fræðilega sem og verklega þjálfun þar sem nemendur leggja bæði stund á fjarnám sem og staðnám. Verkefnið er samstarfsverkefni skóla í Færeyjum, Íslandi, Noregi og Grænlandi. Fulltrúar VMA fóru á tvo fundi á árinu, annan í Grænlandi og hinn í Noregi. Verkefninu lýkur vorið 2014.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmögum beiðnum um samstarfsverkefni.

Unnið var áfram að **þróunarverkefnum** er tengjast innleiðingu laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 og nýrri menntastefnu. Á árinu 2013 fékk VMA úthlutað styrkjum til sex verkefna úr þróunarsjóði er tengist starfsmenntun (*Nám er vinnandi vegur*).

- *Ný námsúrræði fyrir nemendur af erlendum uppruna*. Vinna við verkefnið hófst á haustönn 2013 og heldur áfram á vorönn 2014.
- *Þróun náms til B-réttinda vélstjórnar fyrir vélvirkja með sveinspróf*. Vinna við verkefnið hófst á vorönn 2013 og er unnið í samvinnu við Tækniskólann. Lokaskýrslu verður skilað með sameiginlegu verkefni þar sem VMA og Tækniskólinn vinna að heildarendurskoðun námsskrár í vélstjórn.
- *Þróun náms til D- réttinda vélstjórnar*. Vinna við verkefnið hófst á vorönn 2013 og er unnið í samvinnu við Tækniskólann. Lokaskýrslu verður skilað með sameiginlegu verkefni þar sem VMA og Tækniskólinn vinna að heildarendurskoðun námsskrár í vélstjórn. Á vorönn 2013 var haldinn sameiginlegur fundur kennara og stjórnenda í báðum skólum, fundurinn var haldinn í Tækniskólanum og gaf tóninn í þeirri flóknu

vinnu sem framundan er í námsskrárgerðinni. Skólarnir stefna að því að skrifa lokaskýrslu í lok vorannar 2014.

- *Þróun náms í vefumsýslu.* Vinna við verkefni hófst á vorönn 2013 og lokaskýrslu skilað í febrúar 2014. Verkefnið fólst í því að hanna kjörsvið í vefhönnun og hófst kennsla samkvæmt verkefninu á vorönn 2014. Verkefnið var unnið í samstarfi við Stefnu–Hugbúnaðarhús sem er hugbúnaðarfyrirtæki á Akureyri.
- *Endurskoðun á námsbraut fyrir nemendur í brotthvarfshættu.* Vinna við verkefnið hófst í september og lokaskýrslu skilað í febrúar 2014. Byrjað var að kenna á haustönn samkvæmt þróunarverkefninu. Fyrstu nemendurnir útskrifast af námsbrautinni vorið 2014 með framhaldsskólapróf.
- *Nám í bifhjólavirkjun.* Verkefnið átti að fara af stað á haustönn en vegna samstarfs við skóla í Danmörku verður ekki hægt að byrja verkefnið fyrr en í mars 2014. Um er að ræða nýtt nám á Íslandi sem lýkur með sveinsprófi.
- Verkefni sem hlutu styrk á árinu 2012 og lokið var við á árinu:
 - Sviðslistir – þverfaglegt menningartengt nám.
 - Viðbótarnám fyrir útskrifaða bifvélavirkja í bifreiðasmíði- og bílamálun.
 - Námsbraut í matvælaíðnaði: Verslunarþjónn.
 - Lotunám til A-réttinda vélstjórnar.

Verkefnin hafa verið sett inn í námsskrárgrunn MRN (namskra.is) þ.e. áfangalýsingar og brautalýsingar þar sem við á.

Nokkrir kennarar og stjórnendur taka þátt í samstarfsverkefnum með öðrum skólum um endurskoðun á námsskrám t.d. í sjúkraliðanámi, listnámsbraut, á starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir, í háriðn, málmsmíðabraut og í vélstjórnarnámi.

Skólinn fékk styrk frá MRN á árinu til að vinna að almennum hluta skólanámsskrár og er sú vinna í umsjón skólameistara. Á árinu var unnið að endurskoðun skólanámsskrár VMA undir stjórn verkefnastjóra sem hóf störf á haustönn 2012. Á vorönn var haldið áfram að safna gögnum frá starfsmönnum

og nemendum um skólastarfið. Starfsfólk kom með tillögur að einkunarorðum skólans og eftir tvöfaldar kosningar var niðurstaða starfsfólks sú að einkunnarorð skólans yrðu: **Fagmennska - fjölbreytni – virðing**. Á vorönn var jafnframt farið yfir veftré heimasíðu skólans og það samræmt að kröfum aðalnámsskrár. Þeirri vinnu var haldið áfram á haustönn og er þeirri vinnu ekki lokið. Á haustönn var áhersla á skilgreiningu kennara á fjölbreyttu námsmáti en þeirri vinnu var ekki hægt að ljúka fyrir árslok. Á haustönn áttu stjórnendur vinnudag í húsnæði Háskólans á Akureyri þar sem hugað var að stefnumótun og skólanámsskrá. Ýmsar hugmyndir um breytingar á stúdentsbrautum voru ræddar á árinu m.a. íþróttabraut til stúdentsprófs og breytingar á viðskiptabraut til stúdentsprófs.

Samstarf við grunnskólana á Akureyri hefur verið að aukast en mætti vera meira. Á árinu var boðið upp á svokallaða matsönn fyrir nemendur í 10. bekk í samvinnu við grunnskólana á Akureyri. Matsönn er einskonar „aukaönn“ ætluð grunnskólanemendum í 10. bekk, sem hafa ákveðið að sækja um skólavist í VMA næsta haust og hyggjast nýta sér sveigjanleika áfangakerfisins til að flýta námi sínu í framhaldsskóla af hvaða tagi sem er. Nemendum er boðinn aðgangur að námsefni í áföngunum í gegnum kennsluvefinn Moodle og að taka próf í lok vorannar. Með þessari leið er nemendum í 10. bekk gert auðveldara að fara á milli skólastiga með mat á þeirri þekkingu og hæfni sem þeir hafa þegar tileinkað sér innan grunnskólans. Nemendur gátu farið á matsönn í ÍSL103, ENS103, STÆ102 og DAN 102. (sjá [nánar](#) á heimasíðu skólans).

Á haustönn 2013 fór af stað tilraun í samvinnu við Brekkuskóla á Akureyri þar sem nemendum í 10. bekk gafst kostur á að koma í tíma í byggingadeild VMA. Tveir efnafræðikennarar kenndu í Brekkuskóla valáfanga í efnafræði og komu nemendur í nokkur skipti í tíma í VMA. Þá kennir einn kennari þýskuval í grunnskólum Akureyrarbæjar. Mikil ánægja er með þetta samstarf og markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og tækninámi. Nánari útfærsla á þessu samstarfi verður á árinu 2014.

Samstarf við háskóla er ekki mikið en gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskir um að nemendur í grunn- og framhaldsnámi í Háskólanum á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám í skólanum, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ.

VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti Landlæknis. Skólinn hefur fengið silfurviðurkenningu í flokknum næringu og unnið var að hreyfingaflokknum á árinu 2013. Ekki hefur verið sótt um viðurkenningu í þeim þætti en það verður gert á árinu 2014. Á haustönn hófst undirbúningur á geðræktarhluta verkefnisins.

Skólinn tók þátt í brotthvarfsverkefni í samstarfi við Mmr.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum. Stofnað var fagrað í málm- og véltæknigreinum haustið 2012 og hefur það fundað með kennurum og stjórnendum nokkrum sinnum á árinu. Áhersla hefur verið á að gera þarfagreiningu á tækjakaupum vegna náms í málm- og véltæknigreinum. Bæði fagraðið og Hollvinasamtök VMA hafa fest sig í sessi innan skólans og nærsamfélagsins á árinu. Hápunktur samstarfs við fyrirtæki í nærsamfélaginu var þegar skólanum voru færðar 20 milljónir að gjöf frá þremur fyrirtækjum á Akureyri til tækjakaupa í málm- og véltæknigreinum. Þessi fyrirtæki voru Samherji sem gaf 10 milljónir og Kælismiðjan Frost og Slippurinn gáfu 5 milljónir hvort.

Sjálfsmat og eftirfylgni

Lögð er áhersla á að mælanleg markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð. Helstu þættir sjálfsmats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslumat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á

niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu gæðastjóra eftir hverja önn. Niðurstöður [kennslukannan](#) ársins voru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.

- **Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri kennsluáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hveftrar annar og niðurstöður birtar í [skýrslu gæðastjóra](#). Vinnslu gæðaskýrslu fyrir haustönn 2013 er ekki lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð.
- **Áfangamat:** Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Þjónustumat:** Nemendur meta þá þjónustu sem skólinn veitir. Þar er t.d. skoðað hvernig líðan nemenda er, hvernig nemendur líta á þjónustu á bókasafni, námsráðgjafar o.s.frv. Í könnunin sem gerð var á haustönn var í fyrsta sinn spurt um einelti og kynferðislega áreitni. Þá var einnig spurt um það hvort nemendur hefðu hugsað um að hætta í skólanum og helstu ástæður þess. [Niðurstöður](#) eru birtar á heimasíðu og skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2013. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun og nokkrar spurningar úr þjónustukönnuninni eru notaðar á hverri önn í kennslukönnunum. Þjónustukönnun er gerð á 2ja ára fresti.
- **Stjórnendammat:** Starfsmenn skólans meta stjórnendur með tilliti til hæfileika, stjórnunar og ýmissa annarra þátta. Um leið og stjórnendammat er gert er spurt um almenna líðan í vinnu og þætti er lúta að starfi starfsmanna innan skólans (starfsmannakönnun). Niðurstöður eru birtar á heimasíðu og skýrslu gæðastjóra. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun. Könnun var síðast gerð haustið 2012 og er lögð fyrir á 2ja ára fresti.
- **Innra mat:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins eru teknar út og skoðaðar. Í innra matshópi skólans sitja gæðastjóri og fimm kennarar. Gæðastjóri stýrir vinnunni og gæðaráð fylgir henni eftir. Innri matshópur

kemur ábendingum til stjórnenda og gerir einnig úttekt á störfum þeirra. Niðustöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.

- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf skoðar á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir kerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað. Á árinu var haldið áfram að vinna að því að setja fjarnámið inn í gæðakerfi skólans en þeirri vinnu er ekki að fullu lokið.
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í skýrslu gæðastjóra fyrir hverja önn.

Rekstur

Fjárlög fyrir árið 2013 gerðu ráð fyrir 1186 ársnemendum en í raun skilaði skólinn 1220. Á árinu var áfram gerð krafa um hagræðingu. Fjárheimild samkvæmt fjárlögum var 1.177,4 m. kr. en að teknu tilliti til sértekna (69,9. m.kr.) var gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði yrðu 1.107,5 m kr.

Samkvæmt ársreikningi VMA fyrir árið 2012 var 16,8 m.kr. halli af rekstri VMA á árinu 2012. VMA var um áramót 2013 með 1,9 m kr. rekstrarafgang að teknu tilliti til hallareksturs ársins á undan. Það að skólinn náði hallalausum ári er fyrst og fremst vegna mikils aðhalds í rekstri skólans og að komið var til móts við skólans vegna brotthvarfsnemenda. Ársreikningur fyrir árið 2013 liggur ekki fyrir við gerð þessarar ársskýrslu.

Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa er fyrir kennara í A-álmu og inn á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnframt er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis er á vegum Lostætis ehf sem hafði rekið mötuneytið síðustu átta ár.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri (Akureyrarbær) til íþróttakennslu og þá fer kennsla í bifvélavirkjun fram í húsnæði félags málmíðnarmanna á Akureyri að Fjölnisgötu 6a sem er í töluverðri fjarlægð frá aðal húsnæði skólans. Þeim leigusamningi var sagt upp í lok ársins og stefnt er að því að kennsla í bifvélavirkjun fari fram í húsnæði málmíðabrautar frá og með haustönn 2014.

Á árinu var töluvert um almennt viðhald á húsnæði skólans t.d. voru snyrtingar í A og B álmu endurnýjaðar. Opnað var inn í B02 frá bókasafni og stofan gerð aðgengilegri fyrir verkefnavinnu. Bílastæði á norðurlóð voru lagfærð og gerðar breytingar til að auðvelda mokstur á planinu yfir vetrarmánuðina. Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæðið og send til Fasteigna ríkissjóðs í lok hvers árs.

Mannauður og starfsmannamál

Á árinu störfuðu að jafnaði 150 starfsmenn við skólann í um 140 stöðugildum, þar af 120 kennarar í um 100 stöðugildum. Fjarnámskennarar (9) eru taldir með í þessum tölum. Kynjahlutfall allra starfsmanna á haustönn er 52% konur og 48% karlar. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir áfangastjórar. Auk þeirra starfa við stjórnun, sjö kennslustjórar, 11 brautarstjórar, átta fagstjórar, bókhalds- og innheimtufulltrúi (nýtt starf frá haustönn 2013), skrifstofustjóri, gæðastjóri, forstöðumaður bókasafns, vefstjóri og verkefnastjórar. Aðrir starfsmenn eru; námsráðgjafar (tveir í 100% stöðu og einn í 25% stöðu), félagsmálafulltúrar (2), forvarnarfulltrúi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, fjórir starfsmenn á skrifstofu skólans,

starfsmaður á bókasafni, umsjónarmaður fasteigna, 12 þjónustuliðar og sex stuðningsfulltrúar. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum. Flestar stöður innan stjórnunar og verkefnastjórnunar eru hlutastöður sem kennarar sinna með kennslu. Aðstoðarkólameistari er í 100% hlutfalli í stjórnun en aðrir stjórnendur og millistjórnendur eru einnig í kennslu. Á vorönn 2013 voru þrjú kennarar í námsorlofi. Tveir kennarar voru í fæðingarorlofi á vorönn en enginn á haustönn. Tveir kennarar létu af störfum vegna aldurs í lok vorannar. Á haustönn eru þrjú kennarar í námsleyfi og þrjú í launalausuleyfi. Allir kennarar í fullu starfi fyrir utan þrjú eru með kennsluréttindi, þar af einn í réttindanámi. Á haustönn voru tveir kennarar í fullu starfi í veikindaleyfi alla önnina.

Lítill sem engin starfsmannavelta var á árinu og ekki var ráðið í afleysingar nema í sem samsvarar heilli stöðu. Á vormánuðum var fjármálastjóra sagt upp störfum fyrir að hafa dregið sér fé frá skólanum í nokkuð mörg ár. Lögreglurannsókn og málaferlum er ekki lokið í því máli. Skólinn hefur lagt fram skaðabótakröfu.

Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti en vegna mikilla anna hjá stjórnendum á vorönn 2013 riðlaðist skipulag á starfsmannaviðtölum þannig að enn eiga einhverjir af þeim sem áttu að fara í viðtal á árinu 2013 eftir að fara í starfsmannaviðtal.

Meðalaldur kennara við skólann fer hækkandi og á haustönn 2013 eru 28 kennarar komnir með 17-19 tíma kennsluskyldu eða kennsluafslátt upp á alls 144 kennslustundir sem nemur 6 stöðugum miðað við 24 kennslustundir. Í upphafi haustannar eru 18 kennarar með kennsluskyldu upp á 23 tíma. Tveir kennarar hættu vegna aldurs á árinu. Þá eru alls 48 kennarar komnir með kennsluafslátt (7-1 kennslustundir) sem gerir alls 168 kennslustundir eða 7 stöðugildi miðað við 24 kennslustundir.

Félagslíf nemenda

Starfsemi nemendafélagsins sneri fyrst og fremst að félagslífi nemenda. Á vorönn var haldin árshátíð, söngkeppni og opnir dagar ásamt smærri viðburðum. Á haustönn var haldin nýnemahátíð með nýju og breyttu sniði í formi karnivals í skólanum og á skólalóðinni. Á vorönn setti leikfélagið upp leikritið *Tjaldið* eftir eftir Hallgrím Helgason í Rósenborg á Akureyri. Leikritið er hluti af Þjóðleik sem er leiklistarhátíð ungs fólks sem haldin er annað hvert ár á landsbyggðinni. Nemendur hlutu mikið lof fyrir þessa sýningu. Á vormánuðum stóð stjórn nemendafélagsins fyrir landssöfnun á meðal framhaldsskólanema til styrktar stríðshrjáðum börnum í Sýrlandi og hlutu nemendur mikið lof fyrir verðugt framtak.

Mæting á viðburði var almennt mjög góð og fer allt félagslíf nemenda fram án vímuefna. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Þá komu nemendur að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Tveir félagsmálafulltrúar halda utan um starfsemi nemendafélagsins í samstarfi við nemendur og sitja vikulega fundi nemendafélagsins. Á árinu var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag VMA var stofnað haustið 2005. Tilgangur og markmið félagsins eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði. Átta einstaklingar sitja í stjórn foreldrafélagsins og situr formaður í skólanefnd. Á árinu voru haldnir nokkrir fundir með foreldrafélaginu þar sem ýmiskonar kynning á starfsemi og þjónustu til nemenda fór fram. Námsráðgjafar,

umsjónarkennarar, stjórn nemendafélagsins og stjórnendur kynntu m.a. skólastarfið fyrir foreldrum. Skólameistari sendi út á haustönn tvö fréttabréf til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18 ára þar sem ýmsum upplýsingum og fréttum var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn.

Lokaorð

Uppgjör VMA og Mmr um áramótin 2013/2014 var skólanum hagstætt fyrir ýmsar sakir. Einkum munaði miklu að aðeins 1/4 af verðmæti hvers ársnemnda sem vantaði upp á miðað við fjárlög var dregið af rekstrarfé. Einnig naut skólinn góðs af því mikla starfi sem fram hefur farið í því skyni að stuðla að betri árangri nemenda í brotthvarshættu og að vinna gegn því í samvinnu við Mmr.

Rekstur ársins gekk upp með ýmsum aðgerðum sem framlengja þurfti frá árinu á undan m.a. fækkun hópa og minna námsframaboðs, stórum hópastærðum. Þá hefur fækkun nemenda undanfarnar tvær annir valdið talsverðum vanda sem meðal annars hefur verið leystur á þann hátt að ekki hafa verið ráðnir kennarar í stað þeirra sem hafa farið á eftirlaun eða farið í leyfi, nema í undantekningatilvikum. Er horft fram til þess að sú leið verði farin áfram svo fremi sem stætt verður á því.

Eins og áður hefur verið bent á hefur niðurskurður í fjárveitingum til framhaldsskólanna komið hart niður á ýmsum þáttum í rekstri þeirra sakir þess hversu hátt hlutfall rekstrarfjár fer í að greiða laun og reka húsnæði. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum í verknámsskólum hefur á undanförunum fjórum til fimm árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun.

Einkum hefur þetta komið niður á deildum á borð við málmsmíðabraut, vélstjórn og rafiðnaðardeild. Þá hefur ekki heldur verið borð fyrir báru til þess að endurnýja tölvubúnað nema í mjög litlum mæli en með því að skipta yfir í opinn hugbúnað á sínum tíma hefur tekist að lengja líftíma hvernar tölvu. Þá hefur endurnýjun á búnaði í kennslustofum verið í algjöru lágmarki og segja

má að gamlir og úr sér gengnir stólar séu að verða skaðlegir heilsu og vellíðan nemenda.

Undirritaður horfir þrátt fyrir allt bjartsýnn fram á veginn á 30 ára starfsafmæli skólans sem hefur sannarlega fest sig í sessi og haft mikil áhrif síðan hann var stofnaður.

Virðingarfyllt,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari

Skóli: Verkmenntaskólinn á Akureyri, Hringteigi 2, 600 Akureyri, www.vma.is

Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

VMA er skóli með um 1150 nemendum í dagskóla og um 145 starfsmönnum þar af um 120 kennarar í um 15000 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2013 eru 1186.

Námsframboð

Skólinn starfar eftir áfangakerfi og skiptist niður á sex kennslusvið: Almenn nám 10%, Samfélagsgreinasvið 21%, Raungreinasvið 24%, Starfsbraut 6%, Listasvið 13% og Tæknisvið með 31% nemenda á hverju sviði í dagskóla. 470 nemendur eru í fjarnámi sem svarar til um 100 ársnemenda.

Framkvæmd markmiða Unnið var samkvæmt gæðaamarkmiðum gæðahandbókar skólans og markmiðum skólasánings og skólanámskrár.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Skólinn hefur sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Dagskóli VMA er vottaður ISO9001 og skilar á hverri önn gæðaskýrslu sem í má finna allar helstu tölur og niðurstöður sjálfsmats. Gæðaskýrslur eru birtar á heimasíðu skólans.

Úttektir

Ytri úttekt gerð fyrir MRN var gerð á haustönn 2011. Úttekt á sjálfsmatskerfi skólans fór fram á vorönn 2008. Vottun hf gerir úttekt á hverri önn á VMA í tengslum við ISO9001 vottun skólans.

Afkoma, rekstrarstaða

Samkv. Fjárlagafrumvarpi 2014 fær VMA 1.107,5 milljónir króna. Um áramótin 2012/2013 var VMA skuldlaus við ríkissjóð.

Brottfall

Skv. áfangalistum á haustönn 2013 var brottfall í dagskóla 10,0% og 29% í fjarnámi.

Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, tveir áfangastjórar, kennslustjórar sviða, skrifstofustjóri, bókhalds- og innheimtufulltrúi, gæðastjóri, fag- og brautarstjórar o.fl. samkvæmt STS-005 sem finna má í gæðahandbók VMA á www.vma.is

Samvinna við aðra.

Skólinn tekur þátt í fimm þróunarverkefnum og fimm samstarfsverkefnum er lúta að þróun námsbrauta. Skólinn er í þremur formlegum erlendum samstarfsverkefnum og tekur þátt í nemendaskiptum milli landa. VMA tekur þátt í samstarfi við framhaldsskóla á Norðurlandi (SAMNOR) sem stendur að haustþingum annaðhvert ár. VMA er í formlegu samstarfi við ýmis félög, stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu í tengslum við iðn- og starfsnám nemenda.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

- Starfsfólk leggur kapp á að VMA sé góður skóli fyrir alla nemendur sem hann sækja.
- Að VMA sé framhaldsskóli fyrir alla nemendur svo sem mælt er fyrir í lögum.
- Að VMA hafi fjölbreytt námsframboð í bóklegu og verklegu sem henti sem flestum, hvort sem um þarfir atvinnulífs eða ungs fólks er að ræða.